

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga
vegna iðnaðarsvæðis norðan Vogavegar.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 17. júlí 2017 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 sem samþykkt var í bæjarstjórn 28. júní 2017.

Í breytingunni felst að 0,15 ha svæði fyrir verslun og þjónustu (VP-1) norðan Vogavegar sem ætlað var fyrir eldsneytisstöð verður skilgreint sem iðnaðarsvæði. Eftir breytingu stækkar iðnaðarsvæði (I-1) sem því nemur. Jafnframt fellur niður vegtenging af Vogavegi inn á svæðið.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 17. júlí 2017.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Birna Björk Árnadóttir.